

PAPPÍRSHEIMUR

DAGLEGAR FRÉTTIR AF LANDSMÓTI SKÁTA

DAILY NEWS FROM THE ICELANDIC NATIONAL JAMBOREE



Fjórið heldur áfram! Enn bætist í reynslubankann og öll höldum við áfram að prófa eitthvað nýtt, skemmta okkur konunglega og kynnast öðrum og sjálfum okkur betur. Nú eru flest búin að koma sér vel fyrir og farin að njóta þess að lifa lífinu í litla samfélaginu á Úlfljótsvatni. Við fengum að sjá þátttakendur skína í hæfileikakeppninni í gær og það gleður hjartað að sjá alla þessa efnilegu skáta. Deginum var varið í að kanna enn fleiri dagskrár möguleika, slappa af og breyta og bæta tjaldbúðina. Það er svo gaman að sjá hvað mótssvæðið er síbreytilegt, alltaf eitthvað nýtt og spennandi að sjá og upplifa!

The fun continues! We're still learning and trying new things, having loads of fun and getting to know others and ourselves better. Now most of us have really settled in and are just enjoying life in our little community at Úlfljótsvatn. We got to see the participants showcase their talents in the talent show yesterday and it brings so much joy to see these impressive scouts. The day was spent exploring more of the program offered at the Jamboree, relaxing and making alterations and improvement to the campsites. It's so great to see the area constantly evolving, there's always something new and exciting to see!

ÁVAXTAKARFA LANDSMÓTS

Hluti lykilaðila í undirbúningi og framkvæmd mótsins svöruðu spurningu sem hvílir á allra vörum!

JAMBOREE'S FRUIT BASKET

Some of the key players in the preparation and implementation of the Jamboree answered a question that's been burning on everyone's lips!



Ef þú værir ávöxtur, hvaða ávöxtur værirðu og afhverju?

If you were a fruit, which fruit would you be and why?



Arney Sif

Kynningarmálastýra Landsmóts

„Jarðarber, af því að Fandalaggahoj“

Head of Communications

“Strawberry - because Fandalaggahoj”



Benedikt

Tæknistjóri Landsmóts

„Ananas, fólk annað hvort elskar mig eða hatar mig“

Infrastructure Manager

“Pineapple, people either love me or they hate me”



Katrín

Mannauðsstýra Landsmóts

„Lime, af því það passar með flestu og bragðbætir“

Staff Manager

“Lime, because it goes well with most things and makes them better”



Elín Esther

Rekstrarstjóri Úlfjótssvatns

„Kívi, því það er allskonar, sennilega er ekki til fjölbreyttari og lagskiptari ávöxtur“

Úlfjótssvatn's operational manager

“Kiwi, because it has so many characteristics, a more diverse fruit is hard to find”



Ragnar Þór

Framkvæmdastjóri

„Vatnsmelóna, af því að hún er með þykkann skráp og fer vel ofan í flest okkar“

CEO

“Watermelon, because they have thick skin and most people like them”



Harpa Ósk

Skátahöfðingi Íslands

„Epli, því ég féll ekki langt frá skátaeikinni og ég elska að sjá skátafræin mín vaxa út um allt“

Chief Scout of Iceland

“Apple, because I didn't fall from the scout tree and I love watching my seeds grow all around”



En þið kærur lesendur... Hvaða ávextir væruð þið?

Funduð þið ávextina á öllum síðum blaðsins?

But dear reader... Which fruit would you be?

Did you find the fruits on every page in today's paper?



FJÖLSKYLDUSKÁTAR Í FULLU FJÖRI

Landsmót skáta er fyrir alla aldurshópa. Fjölskyldubúðirnar hafa slegið í gegn á mótinu og þar stíga margir krakkar sín fyrstu skref í skátastarfi.

You can find people of all ages at the Jamboree! The family camp has been a big hit and many kids take their first steps in scouting there.

Ristjörn ræddi við systkinin Halldóru Björgu (7 ára) og Jökul Braga (3 ára). Þau hafa tekið þátt í skátastarfi í tvö ár með fjölskylduskátum Garðbúa og hefur þótt einna skemmtilegast á mótinu að veiða með háfum í Úlfjótstvatni. Þá voru þau verulega spennt fyrir því að prófa vatnasafarið í fyrsta skipti. Ristjörn spurði Halldóru Björgu hvað skátarnir gera og svarið hennar kjarnar þetta vel; „Skátar hjálpa öðrum og læra að gera eitthvað sjálfir“.

The editorial talked to siblings Halldóra Björg (age 7) and Jökull Bragi (age 3). They have been involved in scouting for two years with family scouts in Garðbúar and have enjoyed fishing with fishing nets in Úlfjótstvatn. They were very excited to try the water safari for the first time. We asked Halldóra Björg what scouting is all about. Her answer really sums it all up; "helping others and doing something yourself".



Viljurnar fá hrós dagsins fyrir að stýra fjölskyldubúðunum með pomp og prakt! Auka stig fyrir að vera svona sætar og fínar.

A big round of applause goes to Viljurnar for running the family camp with great success! They get extra points for being so cute and nice.

FOSSARNIR EINNA FALLEGASTIR Á ÍSLANDI THE WATERFALLS IN ICELAND ARE VERY BEAUTIFUL



Á landsmóti eru 21 skáti frá Taívan. Það tekur rúmlega sólarhring að ferðast þaðan til Íslands og gekk ferðin vel að sögn Wu Yi-shun og Sean Otago Fu. Þeir eru báðir 14 ára gamlir og skemmta sér vel á Landsmóti. Það sem stendur uppúr að þeirra sögn er Íslandsbjörninn, dagskrárliður þar sem skátarnir fara eldsnemma í kalt bað í Úlfjótstvatni.

At the national Jamboree, there are 21 scouts from Taiwan. It takes around one day to travel from there to Iceland, and the journey went well according to Wu Yi-shun and Sean Otago Fu. They are both 14 years old and are having a great time at the Jamboree. What stands out to them is the "Polar bear plunge," a program item where the scouts take a cold bath in Úlfjótstvatn early in the morning.

Wu Yi-shun og Sean Otago Fu segja einn helsta muninn hér og í Taívan vera fjölmörgu, en þar búa 23.9 milljón manns. Taívan er þó rúmlega 63 sinnum stærri en sú íslenska. Í Taívan geta skátarnir unnið sér inn 96 merki. Merkjakerfið þeirra er krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt og geta skátarnir unnið sig upp metorðastigann, frá fyrsta til sjötta þreps. Það tekur mörg ár að ljúka öllum þrepunum.

Wu Yi-shun and Sean Otago Fu say that one of the main differences here and in Taiwan is the population. 23.9 million people live in Taiwan and the Taiwanese population is therefore over 63 times larger than the Icelandic one. In Taiwan, scouts can earn 96 badges. Their badge system is challenging, diverse, and fun. The ranking system has six levels that take many years to finish.

Hópurinn frá Taívan skoðaði Ísland fyrir mótið og samkvæmt Wu Yi-shun og Sean Otago Fu stóðu fossarnir algjörlega uppúr í þeirri upplifun. Þeim finnst Gullfoss vera eins og kökusneið í laginu og þegar vel er að gáð reynist það rétt hjá þeim.

The group from Taiwan toured Iceland before the Jamboree, and according to Wu Yi-shun and Sean Otago Fu, the waterfalls stood out from that experience. They think Gullfoss looks like a slice of cake. Upon further inspection the editorial agrees.

Hvað finnst þér kærri lesandi, lítur Gullfoss út eins og kökusneið?

What do you think? Does Gullfoss look like a cake?

Keppni dagsins! Hver á stærsta brosið á Landsmóti? Sendu okkur mynd!


Today's competition! Who has the Jamboree's biggest smile? Send us a picture!!

Skannaðu kóðann til að senda inn tilkynningu eða efni í blaðið. Þín hugmynd gæti orðið fyrir valinu!



Scan the QR code to send an announcement or content to the paper. Your idea might be chosen!

Stjörnuspá 17.-18. júlí



22/12 - 19/01

Steingeit **Capricorn**

Farðu vel með þig, þú átt skilið smá dekur
Treat your self, you deserve it

20/01 - 18/02

Vatnsberi **Aquarius**

Skátaklúturinn verður skítugur
Your scout scarf will get dirty

19/02 - 20/03

Fiskar **Pisces**

Forvitni þín leiðir þig í ævintýri
Your curiosity will lead to adventure

21/03 - 19/04

Hrútur **Aries**

Þú finnur frið og hamingju í náttúruferðinni
You'll find peace and joy in nature's beauty

20/04 - 20/05

Naut **Taurus**

Taktu myndir, þær munu skipta máli
Take pictures, they'll be important

21/05 - 20/06

Tvíburar **Gemini**

Með valkvíða? Fylgstu með skilaboðum frá umheiminum
Making a decision? Look out for signs

21/06 - 22/07

Krabbi **Cancer**

Þú færð frábæra hugmynd
You'll get a great idea

23/07 - 22/08

Ljón **Leo**

Aðrir lita upp til þín, því fylgir mikil ábyrgð
Others look up to you, it's a great responsibility

23/08 - 22/09

Meyja **Virgo**

Þú gætir dottið um reimarnar þínar
You could trip over your shoelaces

23/09 - 22/10

Vog **Libra**

Brosið kemur þér langt
Your smile will get you far

23/10 - 21/11

Sporðreki **Scorpio**

Félagsfærnin þín er á hápunkti, nýttu það
Your social skills are at peak levels

22/11 - 21/12

Bogmaður **Sagittarius**

Verðu tíma með vinum þínum, þau gætu þurft á þér að halda
Spend time with your friends, they might need you



Óskilamunir?

Finndu dótið þitt í upplýsingatjaldinu!

Lost something?

Reunite with it at the information centre!



Innsending! Sent from a scout!

Kristjana Pálína, aldur 14/age 14

Á samfélagstorginu er verið að smíða og setja upp fuglahús, mála skilti og steina og skreyta undirgöngin. „Mér finnst rosa gaman að það sé verið að gera Úlfjótuvatn skrautlegra“.

At the community square birdhouses are being built and hung up, stones and signs painted and the tunnel decorated. "I really like that we're making Úlfjótuvatn more pretty".

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?

HOW IS THE WEATHER?


09 ☁️ 12°C

12 ☁️ 13°C


15 ☁️ 14°C

18 ☁️ 12°C

21 ☁️ 11°C



Með sóli í hjarta!
We keep the sun in our hearts!



TRÖNUBYGGINGAR LANDSMÓTS THE PIONEERING STRUCTURES

Aðsend grein Submitted article

Arnar Freyr Arnarsson, 14 ára / 14 years old

Frá upphafi landsmóts hafa félög notið þess að hanna og byggja byggingar úr trönum. Fjölbreytileiki þeirra getur verið allt frá háum fánastögum, hliðum og upp í flott og stælt matartjöld. Sum félög hafa verið að keppast um hverjir hafa hæstu fánastöngina og flottustu hönnunina.

Since the beginning of the Jamboree, scout groups have enjoyed designing and building structures with pioneering poles. The design can be anything from a tall flagpole or a gate and up to cool and stylish food tents. Some clubs have been competing to see who has the tallest flagpole and the coolest design.

Ég mæli með að öll taki göngutúr um Úlfjótuvatn og fylgist með þessum byggingum og hvernig er verið að byggja þær.

I recommend that everyone take a walk around Úlfjótuvatn and observe these buildings and how they are being built.